

Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 6/2023

Reykjavík 10. febrúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um grænbók um mannréttindi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon
Framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um grænbók um mannréttindi

Barnaheill þakka fyrir tækifærið til að skrifa umsögn um ofangreint mál og fagna því ágæta samráðsferli sem forsætisráðuneytið hefur viðhaft við undirbúning grænbókarinnar og stofnunar innlendrar mannréttindastofnunar.

Umfjöllun um mannréttindi barna rýr

Að mati Barnaheilla er umfjöllun um mannréttindi barna rýr í grænbókinni og hefði farið betur á að þeim yrðu gerð betri skil. Aðeins er fjallað um réttindi barna sjálfstætt undir lið 3.3.4 um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en börn eiga einnig borgaraleg réttindi sem að engu leyti er fjallað um undir lið 3.3.3 en í gegnum síðustu ár hafa m.a. verið afhjúpuð hræðileg mál þar sem börn á vistheimilum hafa sætt slæmri meðferð, ofbeldi og vanrækslu, sem endurspeglar gróf brot á borgaralegum mannréttindum barna. Þau dæmi þurfa að lifa í minni samfélagsins svo þau endurtaki sig ekki, ef þau eru þá ekki að eiga sér stað í nútímanum án þess að vitneskja sé til staðar um þau vegna skorts á upplýsingum um og aðgengi að kæruleiðum og aðstoð fyrir börn í slíkum aðstæðum.

Fullyrða má, miðað við fjölda tilkynninga til barnaverndar sem voru alls 13264 á árinu 2021 skv. vef Barnaverndarstofnu, að fjöldi barna búi nú við ofbeldi, en fá ekki viðeigandi aðstoð vegna skorts á fjármagni, mannafla (starfsfólk barnaverndar árið 2021 voru 165 skv. sömu heimild) og úrræðum til að stöðva ofbeldið og koma barni úr þeim aðstæðum. Slíkt er brot á mannréttindum barna sem eiga rétt á vernd gegn ofbeldi og að fá aðstoð við að komast úr ofbeldisaðstæðum og til að vinna úr þeirri slæmu reynslu.

Staða barna verri á Íslandi en grænbókin bendir til

Barnaheill telja líkur á að staða barna sé verri á Íslandi en grænbókin gefur til kynna og telja hana vanmeta og gera lítið úr alvarleika mannréttindabrota gegn börnum hér á landi.

Vissulega er fjallað um skort á gögnum til að leggja til grundvallar og er það jú stór þáttur í því að erfitt er að meta hver raunveruleg staða barna á Íslandi er og því erfitt að fullyrða nokkuð um hana. Barnaheill hafa ástæðu til að ætla að víða sé pottur brotinn og mannréttindabrot gegn börnum séu fleiri og alvarlegri en umfjöllun í grænbókinni bendir til.

Samtökin hvetja til þess að umfjöllun um mannréttindi barna verði dýpkuð í grænbókinni og gerð verði grein fyrir alvarleika stöðu barna sem búa við fátækt, vanrækslu, ofbeldi, hafa skert aðgengi að þjónustu, m.a. heilbrigðis- og skólaþjónustu vegna ýmissa hindrana, svo sem fjárhagslegra, menningarlegra eða sem skýrast af tungumálaerfiðleikum, stöðu fatlaðra barna, hinsegin barna og svo mætti lengi telja.

Flýta þarf þróun mælaborðs

Að mati Barnaheilla er brýn þörf á að flýta því eins og kostur er að mælaborð um farsæld barna verði tekið í notkun svo þekking um stöðu barna aukist og nýtist til þess að bæta stöðu þeirra barna sem á þurfa að halda. Stórbæta þarf rannsóknir um stöðu barna á Íslandi svo bæta megi í raun líf barna og svo hraða megi þróun á bættum réttindum barna. Mikil þekking liggur nú þegar fyrir um hvað megi gera til að tryggja börnum farsæld og velferð í

lífinu og nú liggur á að ná til þeirra barna sem á stuðningi þurfa að halda til að þjónusta þau betur.

Ekki gott að smætta vandann

Grænbókin fjallar um aðgerðir sem ráðist hefur verið í af hálfu stjórnvalda, svo sem lagabreytingar og stefnu- og aðgerðaáætlanagerð og vissulega fagna Barnaheill allri jákvæðri þróun á þessu sviði, en afar mikilvægt er að mati samtakanna að smætta ekki vandann með því að telja aðeins upp það ágæta sem gert hefur verið en sleppa því að nefna sérstaklega brot sem vitað er að eiga sér stað í samtímanum.

Betur má ef duga skal til að framfylgja Barnasáttmálanum eins og stefna um barnvænt Ísland á að tryggja. Að mati Barnaheilla er brýnt að hraða því að sett verði á stofn sjálfstæð innlend Mannréttindastofnun og að hún verði fjármögnuð á fullnægjandi hátt og nægur mannaflí tryggður.

Enn fremur hvetja Barnaheill til þess að stofnun umboðsmanns barna verði styrkt til muna og henni gert betur kleift að sinna mannréttindaeftirliti í þágu barna eins og henni er ætlað skv. lögum.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja megináherslu á vernd barna gegn ofbeldi, vanrækslu og fátækt.